

Fagráð í hrossarækt

89. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudaginn 5. september 2019 kl. 11:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Ingunn Reynisdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson og Þorvaldur Kristjánsson. Erlendur Árnason, Hulda Gústafsdóttir og Sylvía Sigurbjörnsdóttir komust ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Sýningarárið 2019
3. Umsóknir í Stofnverndarsjóð.
4. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Þorvaldur fór yfir sýningarárið 2019. Alls voru haldnar 15 sýningar víðs vegar um landið auk Fjórðungsmóts Austurlands sem haldið var á Fornustekku. Alls voru felldir 1176 dómar, þar af 1031 fullnaðardómar sem er svipaður fjöldi dóma sé miðað við ár sem ekki eru Landsmót en alls komu 967 hross til dóms. Óvenju fá hross voru dæmd í maí miðað við síðastliðin ár en þrjár sýningar voru áætlaðar í maí en þær voru allar felldar niður og sameinaðar í einni sýningu sem haldin var í Hafnarfirði í síðustu viku maí. Fjöldinn náði sér svo upp á miðsumarssýningum en fjórar miðsumarssýningar voru haldnar; þrjár á Hellu og ein á Hólum en 369 dómar voru felldir á þessum miðsumarssýningum sem er met fjöldi. Fjórðungsmótið tókst vel en alls voru 31 kynbótahross sem mættu þar til dóms. Miðað var við ákveðin fjölda efstu hrossa í hverjum flokki einsog fyrir síðustu stórmót. Þá var full mæting kynbótahrossa fyrir hönd Íslands á Heimsleika sem voru haldnir í Berlín; eitt hross í hvern flokk 5, 6 og 7 vetra og eldri hryssna og stóðhesta. Þau stóðu sig öll með þryði á mótinu, stóðu vel við fyrri dóma og voru efst í öllum flokkum nema 5 vetra flokki stóðhesta þar sem annað sætið var niðurstaðan. Þá forfallaðist því miður Nói frá Stóra-Hofi í elsta flokki stóðhesta.

Meðaltöl og dreifingu einkunna má sjá í meðfylgjandi töflum fyrir allar eiginleika byggingar og hæfileika auk aðaleinkunna fyrir árið 2019 á Íslandi:

	Höfuð	Háls, herðar og bógar	Bak og lend	Samræmi	Fótagerð	Réttleiki	Hófar	Prúðleiki	Sköpulag
Meðaltal	7,88	8,32	8,12	8,24	8,00	7,69	8,19	7,61	8,12
Staðalfrávik	0,50	0,37	0,54	0,44	0,47	0,48	0,46	0,71	0,24
Lægsta gildi	6,50	7,50	6,50	7,00	7,00	6,50	6,50	5,50	7,37
Hæsta gildi	9,50	9,50	9,50	9,50	9,50	9,00	9,50	10,00	8,84

	Tölt	Brokk	Skeið	Stökk	Vilj og geösl.	Fegurð í reið	Fet	Hægt tölt	Hægt stökk	Hæfileikar	Aðaleink.
Meðaltal	8,30	8,02	6,82	8,08	8,40	8,21	7,73	8,01	7,78	7,96	8,03
Staðalfrávik	0,52	0,57	1,45	0,47	0,42	0,46	0,68	0,49	0,58	0,36	0,27
Lægsta gildi	6,00	6,00	5,00	7,00	7,00	6,50	5,50	5,00	5,00	6,65	7,28
Hæsta gildi	10,00	10,00	9,50	9,50	9,50	9,50	9,50	10,00	9,50	9,00	8,88

Meðaltöl fyrir eiginleika sköpulagsins eru heldur hærra en í fyrra hjá flestum eiginleikum fyrir utan þrúðleika þar sem meðaltalið í ár er lægra (7,61 vs 7,72). Breytingarnar eru þó afar litlar fyrir utan hófaeinkunn sem er töluvert hærra í ár samanborið við árið í fyrra (8,19 vs 7,94). Þetta gæti skýrst af breyttum áherslum við mat á hófum þar sem meiri áhersla hefur verið lögð á rétt form hófsins; þ.m.t. lengd og halla á hælum, hvelfingu í botninn og meira dregið niður fyrir þrengsli í hófnum, þ.e. meira lagt uppúr réttu formi hófsins aftur í hæl og að hólþófarnir séu heilbrigðir. Þá er minni áhersla á dýpt hófsins sem ræðst eingöngu af því hversu mikið vaxinn hófurinn er.

Þá eru meðaltöl fyrir eiginleika hæfileika heldur lægri í ár samanborið við árið í fyrra fyrir utan fet en þar er meðaltalið hærra (7,73 vs 7,69). Breytingarnar eru þó ekki miklar á milli ára en stærsti munurinn er í skeiðeinkunn. Meðaltal fyrir skeið var í fyrra 7,04 en er í ár 6,82 (meðaltalið er einnig lægra sé eingöngu horft til hrossa sem ná 5,5 eða hærra fyrir skeið). Það gæti skýrst af því að heldur fleiri klárhross voru sýnd í ár en 32% hrossa sem sýnd voru í ár voru með 5,0 fyrir skeið sem er hærra hlutfall en oft áður en yfirleitt hefur hlutfall klárhrossa af sýndum hrossum verið í kringum 25%.

Meðalaldur sýndra hrossa var 6,23 ár en það er hæsti meðalaldur sýndra hrossa í seinni tíð. Það skýrist fyrst og fremst af því að færri fjögurra vetra hross voru sýnd í ár, þau eru u.þ.b. helmingi færri í ár samanborið við árið í fyrra eða um 7% sýndra hrossa (25 fjögurra vetra stóðhestar voru sýndir og 35 hryssur).

Heilbrigðisskoðanir kynbótahrossa.

Heilbrigði kynbótahrossa var skoðað eins og undanfarin ár, bæði fyrir og eftir dóm. Allir áverkar sem hrossin hlutu í dómi voru stigaðir í þrjá flokka og átti þetta við bæði særindi í munni og ágríp á fótum. Fyrsta stigs athugasemdir teljast ekki vera eiginlegir áverkar en eru t.d. særindi í munni sem ná ekki í gegnum slímhúð eða strokur á fótum sem ná ekki í gegnum húð og eru án eymsla eða bólgu. Annars stigs athugasemdir eru áverkar, s.s. lítil sár í munni eða á ágríp á fótum sem ná þó ekki einum cm. Þriðja stigs athugasemdir eru alvarlegir áverkar og á þá lund að hrossið hlýtur ekki reiðdóm og getur ekki mætt til yfirlitssýningar. Skráð voru ágríp á fótum í 19% tilfella sem er hærra en í fyrra en þá var tíðni ágrípa 14,5%. Megnið af þessu athugasemdum eða 62% voru í flokki 1, tíðni eiginlegra áverka á fótum (flokkar 2 og 3) var því um 5% þar sem áverkar af þriðja stigi voru 4 á árinu eða innan við 0.5%. Þá voru skráð særindi eða blóð í munni í 3% tilfella og var í nær öllum tilfellum um 1. stigs særindi að ræða. Það má því segja að staðan á þessum málum sé ásættanleg þar sem tíðni eiginlegra áverka er lág og er ekki að hækka marktækt á milli ára. Það verða þó allir sem koma að sýningunum að vera á tánum í þessum efnum en sem betur fer hafa sýningarnar verið að þróast í rétta átt á síðastliðnum árum, uppistaðan er hestvænar sýningar og svo dæmi sé tekið þá var engin áminntur í ár fyrir grófa reiðmennsku.

3. Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 12 milljónir króna. Sveinn Ragnarsson vék af fundi er kom að afgreiðslu umsókna c) og d) og Þorvaldur vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknar a). Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

a) Könnun á erfðafræðilegum þáttum sem hafa áhrif á ganghæfni íslenskra hrossa – Heiðrún Sigurðardóttir.
Sótt um: kr. 2.500.000,-

Samþykkt: kr. 2.500.000,-

b) Heltigreining hjá íslenska hestinum – Sigríður Björnsdóttir og Helga Gunnarsdóttir.

Sótt um: kr. 1.000.000,-

Samþykkt: kr. 1.000.000,-

c) Íslenski hesturinn – Þjóðarhesturinn. Undirbúningur og ritun bókar um íslenska hrossarækt og hestamennsku – Sögusetur íslenska hestsins.

Sótt um: kr. 750.000,-

Samþykkt: kr. 750.000,-

d) Fræðsluvefur Hrímnis – Rúnar Þór Guðbrandsson. Sótt er um 500.000,- kr.

Hafnað.

e) Umsókn um styrk vegna hrossaræktar – Þorvaldur Pálsson. Upphæð ótilgreind.

Hafnað.

4. Önnur mál.

Rætt var um stöðuna á sumarexems rannsóknnum. Nú er afar spennandi tímabil að hefjast í því verkefni, flytja á út hóp af hrossum í mars á næsta ári sem verða meðhöndluð áður með bóluefni sem þróað hefur verið af teyminu sem stýrir rannsókninni. Þetta bóluefni hefur gefið góða raun í prófunum hér á landi en nú á að kanna hvernig það stendur sig í raunaðstæðum en hrossin verða flutt á svæði í Sviss sem er þekkt af miklu álagi af völdum flugna sem koma af stað sumarexemi í hrossum. Félag hrossabænda kemur beint að verkefninu á þessu stigi en það hefur ákveðið að útvega hrossin í verkefnið; alls 27 gripi á aldrinum 6-12 vetra. Þetta eiga allt að vera tamin, þæg og meðfærileg hross sem nýtast í reiðskóla. Umráðafólk hrossanna hafa skuldbundið sig til að hlíta skilyrðum verkefnisins í 3 ár en mun eignast hrossin í lok rannsóknartímans.

Þá var nokkur umræða um hryssur sem eru nýttar í blóðtöku og þann búskap allan en hann hefur vaxið afar hratt á undanförunum árum og nú eru um 100 aðilar sem stunda hann. Vegna þess að ekki hefur gengið nógu vel að afsetja folöld þessara hryssna í sláturhús undanfarið hafa hrossabændur áhyggjur af því að þau verði seld til lífs á reiðhrossamarkað. Þetta er byrjað upp að einhverju marki og áhugavert væri að kanna hversu stór þessi markaður er. Þetta getur haft neikvæð áhrif á reiðhrossamarkaðinn ef þessi hross eru seld á undirverði í einhverjum mæli, ekki síst þar sem mæður þessara hrossa henta að uppistöðu ekki til reiðhestaræktunar vegna galla af ýmsum toga, enda það oft ástæðan fyrir því að þær enda í blóðtöku. Velt var upp þeirri hugmynd að bæta við afdrifaskráningu WorldFengs þeim möguleika að merkja við þegar hryssan er sett í blóðtöku í þeim tilgangi að ná utan um þann fjölda hryssna sem eru í þessu á hverjum tíma og hver ásetningurinn er undan þessum hryssum.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson